**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/1561** **2020/EES/50/05**

**frá 17. september 2019**

**um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir klórmekvat í ræktuðum sveppum** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([1]), einkum a-lið 1. mgr. 14. gr. og a-lið 1. mgr. 16. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 eru fastsett hámarksgildi leifa fyrir klórmekvat.

2) Hámarksgildum leifa fyrir klórmekvat var nýlega breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/693 ([2]) í samræmi við 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005. Innan þessa ramma var fastsett bráðabirgðahámarksgildi leifa fyrir ræktaða sveppi, sem nemur 0,9 mg/kg, vegna vöktunargagna sem sýndu að leifar koma fyrir á ómeðhöndluðum ræktuðum sveppum í hærri styrk en sem nemur magngreiningarmörkum og slíkar leifar geta stafað af víxlmengun ræktaðra sveppa við hálm sem hefur verið meðhöndlaður með klórmekvati á lögmætan hátt.

3) Ræktendur ætisveppa lögðu nýleg vöktunargögn fyrir framkvæmdastjórnina, einkum um ostruvængi, sem sýna að leifar finnast í þessum afurðum í hærri styrk en sem nemur gildandi hámarksgildi leifa sem voru sett fyrir ræktaða sveppi. Þessar leifar stafa af víxlmengun ræktaðra sveppa við hálm sem hefur verið meðhöndlaður með klórmekvati á lögmætan hátt. Nokkur aðildarríki lögðu fram viðbótarvöktunargögn úr opinberu eftirliti, einkum með ostruvængjum, sem staðfesta þessar niðurstöður.

4) Þýskaland tók saman og mat umsókn um breytingu á gildandi hámarksgildum leifa í samræmi við 3. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 og sendi matsskýrsluna til framkvæmdastjórnarinnar.

5) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) lagði mat á umsóknina og matsskýrsluna og rannsakaði einkum áhættu fyrir neytendur og, þar sem við átti, fyrir dýr, og skilaði vísindalegri yfirlýsingu um tillögð hámarksgildi leifa ([3]). Hún sendi yfirlýsinguna til umsækjandans, framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna og gerði hana aðgengilega almenningi.

---

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 240, 18.9.2019, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 71/2020 frá 12. Júní 2020 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/693 frá 7. apríl 2017 um breytingu á II., III. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir bítertanól, klórmekvat og tebúfenpýrað í eða á tilteknum afurðum (Stjtíð. ESB L 101, 13.4.2017, bls. 1).

([3]) Vísindaskýrslur Matvælaöryggisstofnunar Evrópu eru aðgengilegar á Netinu á: http://www.efsa.europa.eu:
„Statement on the dietary risk assessment for the proposed temporary maximum residue level for chlormequat in oyster mushrooms.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2019 17(5), 5707.

6) Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu í vísindalegri yfirlýsingu sinni að breytingin, sem Þýskaland óskaði eftir að yrði gerð á hámarksgildi leifa, væri viðunandi að því er varðar öryggi neytenda, á grundvelli mats fyrir 27 sérstaka evrópska neytendahópa á váhrifum sem neytendur verða fyrir. Matvælaöryggisstofnunin tók tillit til nýjustu upplýsinga um eiturefnafræðilega eiginleika efnisins. Hvorki þótti sýnt að ævilöng váhrif af völdum þessa efnis vegna neyslu á öllum matvælum, sem geta innihaldið það, né skammtímaváhrif vegna mikillar neyslu á viðkomandi afurðum sköpuðu hættu á að farið yrði yfir ásættanlega, daglega inntöku eða viðmiðunarskammt bráðrar eitrunar.

7) Í ljósi niðurstaðna Matvælaöryggisstofnunarinnar um áhættu fyrir neytendur ætti að fastsetja hámarksgildi leifa fyrir ostruvængi við gildi sem samsvarar 95. hundraðshlutamarki af öllum niðurstöðum úr sýnum en viðhalda gildandi hámarksgildum leifa fyrir aðra ræktaða sveppi. Það hámarksgildi verður endurskoðað; í endurskoðuninni verður tekið tillit til upplýsinga sem verða tiltækar 13. apríl 2021.

8) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 396/2005 til samræmis við það.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Ákvæðum II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. september 2019.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

*VIÐAUKI*

Ákvæðum II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 er breytt sem hér segir:

1) Í II. viðauka fellur dálkurinn fyrir klórmekvat brott.

2) Eftirfarandi dálki fyrir klórmekvat er bætt við í A-hluta III. viðauka:

„**Varnarefnaleifar og hámarksgildi leifa (mg/kg)**

| Kenninúmer | Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa eiga við um ([a]) | Klórmekvat (summa klórmekvats og salta þess, gefin upp sem klórmekvatklóríð) |
|---|---|---|
| 1) | 2) | 3) |
| 0100000 | **NÝ EÐA FRYST ALDIN, TRJÁHNETUR** | |
| 0110000 | **Sítrusávextir** | 0,01 (*) |
| 0110010 | Greipaldin | |
| 0110020 | Appelsínur | |
| 0110030 | Sítrónur | |
| 0110040 | Súraldin | |
| 0110050 | Mandarínur | |
| 0110990 | Annað (2) | |
| 0120000 | **Trjáhnetur** | 0,01 (*) |
| 0120010 | Möndlur | |
| 0120020 | Parahnetur | |
| 0120030 | Kasúhnetur | |
| 0120040 | Kastaníuhnetur | |
| 0120050 | Kókoshnetur | |
| 0120060 | Heslihnetur | |
| 0120070 | Goðahnetur | |
| 0120080 | Pekanhnetur | |
| 0120090 | Furuhnetukjarnar | |
| 0120100 | Pistasíuhnetur | |
| 0120110 | Valhnetur | |
| 0120990 | Annað (2) | |
| 0130000 | **Kjarnaávextir** | |
| 0130010 | Epli | 0,01 (*) |
| 0130020 | Perur | 0,07 (+) |
| 0130030 | Kveði | 0,01 (*) |
| 0130040 | Trjámispilsaldin | 0,01 (*) |
| 0130050 | Dúnepli/japansplómur | 0,01 (*) |
| 0130990 | Annað (2) | 0,01 (*) |

| 1) | 2) | 3) |
|---|---|---|
| 0140000 | **Steinaldin** | 0,01 (*) |
| 0140010 | Apríkósur | |
| 0140020 | Kirsuber (sæt) | |
| 0140030 | Ferskjur | |
| 0140040 | Plómur | |
| 0140990 | Annað (2) | |
| 0150000 | **Ber og smá aldin** | |
| 0151000 | a) *Þrúgur* | 0,05 |
| 0151010 | Vínber til neyslu | |
| 0151020 | Vínþrúgur | |
| 0152000 | b) *Jarðarber* | 0,01 (*) |
| 0153000 | c) *Klungurber* | 0,01 (*) |
| 0153010 | Brómber | |
| 0153020 | Daggarber | |
| 0153030 | Hindber (rauð og gul) | |
| 0153990 | Annað (2) | |
| 0154000 | d) *Önnur smá aldin og ber* | 0,01 (*) |
| 0154010 | Bláber | |
| 0154020 | Trönuber | |
| 0154030 | Rifsber (rauð og hvít) og sólber | |
| 0154040 | Stikilsber (græn, rauð og gul) | |
| 0154050 | Rósaldin | |
| 0154060 | Mórber (svört og hvít) | |
| 0154070 | Eplaþyrniber/Miðjarðarhafstrjámispilsaldin | |
| 0154080 | Ylliber | |
| 0154990 | Annað (2) | |
| 0160000 | **Ýmis aldin með** | 0,01 (*) |
| 0161000 | a) *Ætu hýði* | |
| 0161010 | Döðlur | |
| 0161020 | Fíkjur | |
| 0161030 | Ólífur til átu | |
| 0161040 | Gullappelsínur | |
| 0161050 | Stjörnualdin | |
| 0161060 | Gallaldin | |
| 0161070 | Jövuplómur | |
| 0161990 | Annað (2) | |
| 0162000 | b) *Óætu hýði, lítil* | |
| 0162010 | Kíví (græn, rauð, gul) | |
| 0162020 | Litkaber | |
| 0162030 | Píslaraldin | |
| 0162040 | Kaktusfíkjur | |
| 0162050 | Stjörnuepli | |

| 1) | 2) | 3) |
|---|---|---|
| 0162060 | Persimónur/Virginíu-kakí | |
| 0162990 | Annað (2) | |
| 0163000 | c) *Óætu hýði, stór* | |
| 0163010 | Lárperur | |
| 0163020 | Bananar | |
| 0163030 | Mangó | |
| 0163040 | Papæjualdin | |
| 0163050 | Granatepli | |
| 0163060 | Morgunberkjur | |
| 0163070 | Gvövur | |
| 0163080 | Ananas | |
| 0163090 | Brauðaldin | |
| 0163100 | Dáraaldin | |
| 0163110 | Nónberkjur | |
| 0163990 | Annað (2) | |
| 0200000 | **NÝTT eða FRYST GRÆNMETI** | |
| 0210000 | **Rótar- og hnýðisgrænmeti** | 0,01 (*) |
| 0211000 | a) *Kartöflur* | |
| 0212000 | b) *Hitabeltisrótar- og hnýðisgrænmeti* | |
| 0212010 | Kassavarætur | |
| 0212020 | Sætar kartöflur | |
| 0212030 | Mjölrótarhnýði | |
| 0212040 | Örvarrætur | |
| 0212990 | Annað (2) | |
| 0213000 | c) *Annað rótar- og hnýðisgrænmeti, að sykurrófum undanskildum* | |
| 0213010 | Rauðrófur | |
| 0213020 | Gulrætur | |
| 0213030 | Hnúðsillur/hnúðsellerí | |
| 0213040 | Piparrót | |
| 0213050 | Ætihnúðar | |
| 0213060 | Nípur | |
| 0213070 | Steinseljurætur | |
| 0213080 | Hreðkur | |
| 0213090 | Hafursrætur | |
| 0213100 | Gulrófur | |
| 0213110 | Næpur | |
| 0213990 | Annað (2) | |
| 0220000 | **Laukar** | 0,01 (*) |
| 0220010 | Hvítlaukur | |
| 0220020 | Laukar | |
| 0220030 | Skalottlaukar | |
| 0220040 | Vorlaukar og pípulaukar | |
| 0220990 | Annað (2) | |

| 1) | 2) | 3) |
|---|---|---|
| 0230000 | **Aldingrænmeti** | 0,01 (*) |
| 0231000 | a) *Náttskuggaætt og stokkrósaætt* | |
| 0231010 | Tómatar | |
| 0231020 | Paprikur | |
| 0231030 | Eggaldin | |
| 0231040 | Okrur | |
| 0231990 | Annað (2) | |
| 0232000 | b) *Aldin plantna af graskersætt með ætu hýði* | |
| 0232010 | Gúrkur | |
| 0232020 | Smágúrkur | |
| 0232030 | Dvergbítar | |
| 0232990 | Annað (2) | |
| 0233000 | c) *Aldin plantna af graskersætt með óætu hýði* | |
| 0233010 | Melónur | |
| 0233020 | Risagrasker | |
| 0233030 | Vatnsmelónur | |
| 0233990 | Annað (2) | |
| 0234000 | d) *Sykurmaís* | |
| 0239000 | e) *Annað aldingrænmeti* | |
| 0240000 | **Kál (að undanskildum rótum og nýblöðum af plöntum af ættkvíslinni *Brassica*)** | 0,01 (*) |
| 0241000 | a) *Blómstrandi kál* | |
| 0241010 | Spergilkál | |
| 0241020 | Blómkál | |
| 0241990 | Annað (2) | |
| 0242000 | b) *Kálhöfuð* | |
| 0242010 | Rósakál | |
| 0242020 | Höfuðkál | |
| 0242990 | Annað (2) | |
| 0243000 | c) *Blaðkál* | |
| 0243010 | Kínakál | |
| 0243020 | Grænkál | |
| 0243990 | Annað (2) | |
| 0244000 | d) *Hnúðkál* | |
| 0250000 | **Blaðgrænmeti, kryddjurtir og æt blóm** | 0,01 (*) |
| 0251000 | a) *Salat og salatplöntur* | |
| 0251010 | Vorsalat/strábrúða | |
| 0251020 | Salat | |
| 0251030 | Breiðblaða salatfíflar | |

| 1) | 2) | 3) |
|---|---|---|
| 0251040 | Karsi og aðrar spírur og sprotar | |
| 0251050 | Vetrarkarsi | |
| 0251060 | Klettasalat | |
| 0251070 | Sinnepskál | |
| 0251080 | Nýblöð af plöntum (þ.m.t. tegundum af ættkvíslinni Brassica) | |
| 0251990 | Annað (2) | |
| 0252000 | b) *Spínat og áþekk blöð* | |
| 0252010 | Spínat | |
| 0252020 | Súpugull | |
| 0252030 | Blaðbeðjur | |
| 0252990 | Annað (2) | |
| 0253000 | c) *Vínviðarlauf og áþekkar tegundir* | |
| 0254000 | d) *Brunnperla* | |
| 0255000 | e) *Jólasalat/salatfíflar* | |
| 0256000 | f) *Kryddjurtir og æt blóm* | |
| 0256010 | Kerfill | |
| 0256020 | Graslaukur | |
| 0256030 | Blöð af selleríi | |
| 0256040 | Steinselja | |
| 0256050 | Salvía | |
| 0256060 | Rósmarín | |
| 0256070 | Garðablóðberg | |
| 0256080 | Basilíka og æt blóm | |
| 0256090 | Lárviðarlauf | |
| 0256100 | Fáfnisgras | |
| 0256990 | Annað (2) | |
| 0260000 | **Belgávextir** | 0,01 (*) |
| 0260010 | Baunir (með fræbelg) | |
| 0260020 | Baunir (án fræbelgs) | |
| 0260030 | Ertur (með fræbelg) | |
| 0260040 | Ertur (án fræbelgs) | |
| 0260050 | Linsubaunir | |
| 0260990 | Annað (2) | |
| 0270000 | **Stöngulgrænmeti** | 0,01 (*) |
| 0270010 | Sperglar | |
| 0270020 | Salatþistlar | |
| 0270030 | Sellerí | |
| 0270040 | Hnúðfenníkur | |
| 0270050 | Ætiþistlar | |
| 0270060 | Blaðlaukar | |
| 0270070 | Rabarbarar | |
| 0270080 | Bambussprotar | |
| 0270090 | Pálmakjarnar | |
| 0270990 | Annað (2) | |

| 1) | 2) | 3) |
|---|---|---|
| 0280000 | **Sveppir, mosar og fléttur** | |
| 0280010 | Ræktaðir sveppir | 0,9 (+) |
| 0280020 | Villtir sveppir | 0,01 (*) |
| 0280990 | Mosar og fléttur | 0,01 (*) |
| 0290000 | **Þörungar og dreifkjörnungslífverur** | 0,01 (*) |
| 0300000 | **BELGÁVEXTIR** | 0,01 (*) |
| 0300010 | Baunir | |
| 0300020 | Linsubaunir | |
| 0300030 | Ertur | |
| 0300040 | Lúpínur/lúpínubaunir | |
| 0300990 | Annað (2) | |
| 0400000 | **OLÍUFRÆ OG OLÍURÍK ALDIN** | |
| 0401000 | **Olíufræ** | |
| 0401010 | Hörfræ | 0,01 (*) |
| 0401020 | Jarðhnetur | 0,01 (*) |
| 0401030 | Valmúafræ | 0,01 (*) |
| 0401040 | Sesamfræ | 0,01 (*) |
| 0401050 | Sólblómafræ | 0,01 (*) |
| 0401060 | Repjufræ | 7 (+) |
| 0401070 | Sojabaunir | 0,01 (*) |
| 0401080 | Mustarðsfræ | 0,01 (*) |
| 0401090 | Baðmullarfræ | 0,7 |
| 0401100 | Risagraskersfræ | 0,01 (*) |
| 0401110 | Litunarþistilsfræ | 0,01 (*) |
| 0401120 | Hjólkrónufræ | 0,01 (*) |
| 0401130 | Akurdoðrufræ | 0,01 (*) |
| 0401140 | Hampfræ | 0,01 (*) |
| 0401150 | Kristpálmafræ | 0,01 (*) |
| 0401990 | Annað (2) | 0,01 (*) |
| 0402000 | **Olíurík aldin** | 0,01 (*) |
| 0402010 | Ólífur til olíuframleiðslu | |
| 0402020 | Olíupálmakjarnar | |
| 0402030 | Olíupálmaaldin | |
| 0402040 | Dúnviðaraldin | |
| 0402990 | Annað (2) | |
| 0500000 | **KORNTEGUNDIR** | |
| 0500010 | Bygg | 3 |
| 0500020 | Bókhveiti og aðrar sýndarkorntegundir | 0,01 (*) |
| 0500030 | Maís | 0,01 (*) |
| 0500040 | Hirsi | 0,01 (*) |
| 0500050 | Hafrar | 15 |
| 0500060 | Hrísgrjón | 0,01 (*) |
| 0500070 | Rúgur | 8 |

| 1) | 2) | 3) |
|---|---|---|
| 0500080 | Dúrra | 0,01 (*) |
| 0500090 | Hveiti | 7 |
| 0500990 | Annað (2) | 0,01 (*) |
| 0600000 | **TE, KAFFI, JURTATE, KAKÓ OG JÓHANNESARBRAUÐ** | 0,05 (*) |
| 0610000 | **Te** | |
| 0620000 | **Kaffibaunir** | |
| 0630000 | **Jurtate úr** | |
| 0631000 | a) *Blómum* | |
| 0631010 | Gæsajurt | |
| 0631020 | Læknakólfur | |
| 0631030 | Rósir | |
| 0631040 | Jasmína | |
| 0631050 | Lindiblóm | |
| 0631990 | Annað (2) | |
| 0632000 | b) *Blöðum og kryddjurtum* | |
| 0632010 | Jarðarber | |
| 0632020 | Rauðrunnalauf | |
| 0632030 | Indíánaþyrnislauf | |
| 0632990 | Annað (2) | |
| 0633000 | c) *Rótum* | |
| 0633010 | Garðabrúða | |
| 0633020 | Ginseng | |
| 0633990 | Annað (2) | |
| 0639000 | d) *Öðrum plöntuhlutum* | |
| 0640000 | **Kakóbaunir** | |
| 0650000 | **Jóhannesarbrauð** | |
| 0700000 | **HUMLAR** | 0,05 (*) |
| 0800000 | **KRYDD** | |
| 0810000 | **Krydd úr fræjum** | 0,05 (*) |
| 0810010 | Anís/anísfræ | |
| 0810020 | Ilmfrú | |
| 0810030 | Sellerí | |
| 0810040 | Kóríander | |
| 0810050 | Kúmín | |
| 0810060 | Dill | |
| 0810070 | Fenníkur | |
| 0810080 | Grikkjasmári | |
| 0810090 | Múskat | |
| 0810990 | Annað (2) | |

| 1) | 2) | 3) |
|---|---|---|
| 0820000 | **Aldinkrydd** | 0,05 (*) |
| 0820010 | Allrahanda | |
| 0820020 | Kínapipar | |
| 0820030 | Kúmen | |
| 0820040 | Kardimommur | |
| 0820050 | Einiber | |
| 0820060 | Pipar (svartur, grænn og hvítur) | |
| 0820070 | Vanilla | |
| 0820080 | Tamarind | |
| 0820990 | Annað (2) | |
| 0830000 | **Barkarkrydd** | 0,05 (*) |
| 0830010 | Kanill | |
| 0830990 | Annað (2) | |
| 0840000 | **Krydd úr rótum og jarðstönglum** | |
| 0840010 | Lakkrís | 0,05 (*) |
| 0840020 | Engifer (10) | 0,05 (*) |
| 0840030 | Túrmerik/gullinrót | 0,05 (*) |
| 0840040 | Piparrót (11) | |
| 0840990 | Annað (2) | 0,05 (*) |
| 0850000 | **Blómhnappakrydd** | 0,05 (*) |
| 0850010 | Negull | |
| 0850020 | Kapers | |
| 0850990 | Annað (2) | |
| 0860000 | **Frævukrydd** | 0,05 (*) |
| 0860010 | Saffran | |
| 0860990 | Annað (2) | |
| 0870000 | **Frækápukrydd** | 0,05 (*) |
| 0870010 | Múskatblóm | |
| 0870990 | Annað (2) | |
| 0900000 | **SYKURPLÖNTUR** | 0,01 (*) |
| 0900010 | Sykurrófurætur | |
| 0900020 | Sykurreyr | |
| 0900030 | Kaffifífilsrætur | |
| 0900990 | Annað (2) | |
| 1000000 | **AFURÐIR ÚR DÝRARÍKINU – LANDDÝR** | |
| 1010000 | **Vörur úr** | |
| 1011000 | a) *Svínum* | |
| 1011010 | Vöðvi | 0,3 |
| 1011020 | Fita | 0,15 |
| 1011030 | Lifur | 1,5 |

| 1) | 2) | 3) |
|---|---|---|
| 1011040 | Nýru | 1,5 |
| 1011050 | Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru) | 1,5 |
| 1011990 | Annað (2) | 0,01 (*) |
| 1012000 | b) *Nautgripum* | |
| 1012010 | Vöðvi | 0,3 |
| 1012020 | Fita | 0,15 |
| 1012030 | Lifur | 1,5 |
| 1012040 | Nýru | 1,5 |
| 1012050 | Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru) | 1,5 |
| 1012990 | Annað (2) | 0,01 (*) |
| 1013000 | c) *Sauðfé* | |
| 1013010 | Vöðvi | 0,3 |
| 1013020 | Fita | 0,15 |
| 1013030 | Lifur | 1,5 |
| 1013040 | Nýru | 1,5 |
| 1013050 | Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru) | 1,5 |
| 1013990 | Annað (2) | 0,01 (*) |
| 1014000 | d) *Geitum* | |
| 1014010 | Vöðvi | 0,3 |
| 1014020 | Fita | 0,15 |
| 1014030 | Lifur | 1,5 |
| 1014040 | Nýru | 1,5 |
| 1014050 | Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru) | 1,5 |
| 1014990 | Annað (2) | 0,01 (*) |
| 1015000 | e) *Hestum* | |
| 1015010 | Vöðvi | 0,3 |
| 1015020 | Fita | 0,15 |
| 1015030 | Lifur | 1,5 |
| 1015040 | Nýru | 1,5 |
| 1015050 | Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru) | 1,5 |
| 1015990 | Annað (2) | 0,01 (*) |
| 1016000 | f) *Alifuglum* | |
| 1016010 | Vöðvi | 0,05 |
| 1016020 | Fita | 0,05 |
| 1016030 | Lifur | 0,15 |
| 1016040 | Nýru | 0,15 |
| 1016050 | Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru) | 0,15 |
| 1016990 | Annað (2) | 0,01 (*) |
| 1017000 | g) *Öðrum öldum landdýrum* | |
| 1017010 | Vöðvi | 0,3 |
| 1017020 | Fita | 0,15 |
| 1017030 | Lifur | 1,5 |

| 1) | 2) | 3) |
|---|---|---|
| 1017040 | Nýru | 1,5 |
| 1017050 | Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru) | 1,5 |
| 1017990 | Annað (2) | 0,01 (*) |
| 1020000 | **Mjólk** | 0,5 |
| 1020010 | Nautgripir | |
| 1020020 | Sauðfé | |
| 1020030 | Geitur | |
| 1020040 | Hestar | |
| 1020990 | Annað (2) | |
| 1030000 | **Fuglsegg** | 0,15 |
| 1030010 | Hænsni | |
| 1030020 | Endur | |
| 1030030 | Gæsir | |
| 1030040 | Kornhænur | |
| 1030990 | Annað (2) | |
| 1040000 | **Hunang og aðrar býræktarafurðir (7)** | 0,05 (*) |
| 1050000 | **Froskdýr og skriðdýr** | 0,01 (*) |
| 1060000 | **Landhryggleysingjar** | 0,01 (*) |
| 1070000 | **Villt landhryggdýr** | 0,3 |
| 1100000 | **AFURÐIR ÚR DÝRARÍKINU - FISKUR, FISKAFURÐIR OG ÖLL ÖNNUR MATVÆLI ÚR SJÓ OG FERSKVATNI (8)** | |
| 1200000 | **AFURÐIR EÐA HLUTAR AFURÐA, EINGÖNGU ÆTLAÐAR Í FÓÐURFRAMLEIÐSLU (8)** | |
| 1300000 | **UNNIN MATVÆLI (9)** | |

(*) Greiningarmörk

([a]) Fyrir fullgerða skrá yfir afurðir úr plöntu- og dýraríkinu sem hámarksgildi leifa eiga við um skal vísa í I. viðauka.

**Klórmekvat (summa klórmekvats og salta þess, gefin upp sem klórmekvatklóríð)**

(+) Nýleg vöktunargögn sýna að gildi klórmekvats í perum fara lækkandi en eru þó enn yfir magngreiningarmörkum vegna fyrri notkunar. Því er rétt að fastsetja bráðabirgðahámarksgildi leifa við gildi sem nemur 0,07 mg/kg meðan beðið er eftir að frekari vöktunargögn verði lögð fram. Við endurmat á hámarksgildum leifa tekur framkvæmdastjórnin tillit til upplýsinganna ef þær hafa verið lagðar fram eigi síðar en 13. apríl 2021 eða, ef umræddar upplýsingar hafa ekki verið lagðar fram fyrir þann tíma, til skorts á þeim.

**0130020 Perur**

(+) Eftirfarandi hámarksgildi leifa eiga við um ostruvængi: 6 mg/kg. Vöktunargögn sýna að víxlmengun ómeðhöndlaðra ræktaðra sveppa við hálm, sem hefur verið meðhöndlaður á lögmætan hátt með klórmekvati, getur átt sér stað. Við endurmat á hámarksgildum leifa tekur framkvæmdastjórnin tillit til upplýsinganna ef þær hafa verið lagðar fram eigi síðar en 13. apríl 2021 eða, ef umræddar upplýsingar hafa ekki verið lagðar fram fyrir þann tíma, til skorts á þeim.

**0280010 Ræktaðir sveppir**

(+) Matvælaöryggisstofnun Evrópu tók fram að tilteknar upplýsingar vantaði um efnaskipti nytjaplantna. Við endurmat á hámarksgildum leifa tekur framkvæmdastjórnin tillit til upplýsinga sem um getur í fyrstu setningunni ef þær hafa verið lagðar fram eigi síðar en 13. apríl 2019 eða, ef umræddar upplýsingar hafa ekki verið lagðar fram fyrir þann tíma, til skorts á þeim.

**0401060 Repjufræ“**